

Reglur Sveitarfélagsins Árborgar um greiðslu lögmanskostnaðar í barnaverndarmálum sbr.47. Gr. Barnaverndarlaga nr.80/2002

1. Í samræmi við 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og 33.gr. viðauka við bæjarmálasamþykkt vegna barnaverndarþjónustu Árborgar, afgreiðir teymisstjóri að höfði við samráði við lögfræðing og meðferðafund barnaverndarþjónustu beiðnir aðila um fjárstyrk til greiðslu lögmannaástoðar vegna málsmeðferðar eftir því sem nánar er kveðið er á um í reglum þessum.
2. Fjárstyrkur miðast við eftirfarandi:

Umdæmisráð

Innifalið er undirbúningur með skjólstæðingi, mæting á fund, ritun greinargerðar sem skilað er til umdæmisráðs og kynningu á niðurstöðum úrskurðar fyrir skjólstæðingi.

Eðli máls	Tímafjöldi, klst.
Forsjársvipting	12-15
Vistun utan heimilis	8-12
Umgengni í tímabundinni vistun eða vegna vistunar í varanlegu fóstri en umgengni lýtur að tímabili sem er skemmra en 12 mánuðir	5-8
Umgengni í varanlegu fóstri til 12 mánaða	8-12

Úrskurðarnefnd velferðarmála

Innifalið er gerð kæru, samskipti við úrskurðarnefnd og barnaverndarþjónustu og kynningu á úrskurði fyrir skjólstæðingi.

Eðli máls	Tímafjöldi, klst.
Umgengni í tímabundinni vistun eða vegna vistunar í varanlegu fóstri en umgengni lýtur að tímabili sem er skemmra en 12 mánuðir.	5-7
Umgengni í varanlegu fóstri til 12 mánaða	7-10

3. Aðilar með árstekjur yfir 8.m.kr.(einstaklingar) eða 12.m.kr.(hjón/sambúðarfólk) fá ekki fjárstyrk skv. reglum þessum. Tekið er mið af tímagjaldi samkvæmt leiðbeinandi reglum Dómstólasýslunnar um málsvarnarlaun eða þóknun til verjenda og þóknun til réttargæslumanna o.fl.
4. Viðvera lögmanna á fundum án beiðni barnaverndarþjónustunnar fellur ekki undir reglur þessar. Ekki veittur styrkur vegna ferðakostnaðar eða samskipta við lögmann nema nauðsynleg fyrir málsmeðferð.
5. Skilyrði fyrir greiðslu styrks er að lögmaður hafi leyfi til að flytja mál fyrir héraðsdómi, Landsrétti eða Hæstarétti Íslands, sbr. lög nr. 77/1998 um lögmenn. Aðili máls hefur rétt til þess að velja sér sjálfur lögmann.
6. Teymisstjóri barnaverndarþjónustu Árborgar afgreiðir umsókn um fjárstyrk, sem fylgja þarf tímaskýrsla lögmanns og skattframtal forsjáraðila. Ákvörðun um fjárstyrk er kæranleg til Úrskurðarnefnd Velferðarmála.
7. Aðilar máls og lögmenn sem taka að sér að aðstoða vegna meðferð mála hjá barnaverndarþjónustu Árborgar skal vera kynnt reglur þessar af starfsmönnum um leið og umboði er framvísað.

8. Reglur þessar voru samþykktar í Félagsmálanefnd Árborgar þann 06. júní 2013 og í Bæjarráði Árborgar þann 13. júní 2013. Breytingar voru samþykktar í Velferðarnefnd Árborgar þann 15. október 2024 og í kjölfarið samþykktar í Bæjarstjórn Árborgar þann 13.nóvember 2024.